




Líknardeild Landspítala í Kópavogi

Upplýsingar um starfsemi dagdeildar

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, LYFLÆKNINGASVIÐ II
LÍKNARDEILD, MAÍ 2008

HÖFUNDAR:
JÓHANNA ÓSK EIRÍKSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR
SVANDÍS ÍRIS HÁLFÐÁNARDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

ÁBYRGÐARMAÐUR:
JÓHANNA ÓSK EIRÍKSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁIC



Verið velkomin á dagdeildina!

Okkur er umhugað um að sjúklingar og aðstand-
endur finni til öryggis á deildinni og líði eins vel og
unnt er á meðan þeir dveljast hjá okkur. Ef eitthvað
er óljóst eða spurningar vakna eftir lestur þessa pésa
er starfsfólk deildarinnar ávallt reiðubúið að reyna að
greiða úr því.

Hlutverk dagdeildar

Dagdeildin er ætluð sjúklingum með ólæknandi
sjúkdóm sem dvelja heima og fá þjónustu heima-
hlynningar LSH eða hjúkrunarþjónustunnar Karitas.
Áhersla er lögð á forvarnarstarf, meðferð og eftirlit
einkenna, sálfélagslegan stuðning og endurhæfingu
til að viðhalda sjálfsbjargargetu og stuðla að sem
mestum lífsgæðum.

Starfsfólk

Þverfaglegt teymi hjúkrunarfræðings, sjúkraþjálfara og
sjúkraliða sér um þjónustuna hér ásamt öðru starfs-
fólki. Teymið vinnur í samstarfi við félagsráðgjafa,
iðjuþjálfra, lækni, prest og sálfræðing. Hjúkrunarfræð-
ingur heldur utan um daglega starfsemi deildarinnar.

Undirbúningur

Ástæður þeirra sem sækja um vistun á dagdeild
geta verið margvíslegar, t.d. þörf fyrir líkamlega og
sálfélagslega endurhæfingu eða að rjúfa félagslega
einangrun. Einnig geta aðstandendur sem annast
sjúklinginn heima þurft á hvíld að halda.

Haft verður samband við sjúklinginn eða aðstandanda
í vikunni áður en sjúklingurinn kemur á deildina. Þá
er farið yfir starfsemina og dvölin undirbúin.

Hverjum sjúklingi stendur til boða að koma einu
sinni í viku, á fyrirfram ákveðnum vikudegi, í 12 vikur.
Eftir það er framhaldið metið. Áhersla er lögð á góð
samskipti og æskilegt er að aðstandandi komi með í
innskriftarviðtal.

Ekki er greitt fyrir dvöl á dagdeildinni en sjúklingar
þurfa sjálfir að sjá um ferðir til og frá deildinni.

Dagskipulag

08:30 - 10:00	Komið á deild. Líðan metin. Hressing. Tækifæri gefst til að lesa blöðin eða spjalla.
10:00 - 11.30	Listasmiðja eftir getu og áhuga hvers og eins.
11:30 - 12:00	Hádegismatur.
12:00 - 15:00	Samvera, listasmiðja og/eða sjúkraþjálfun.
15:00 - 15:30	Kaffi og undirbúningur heimferðar.

Möguleiki er á einstaklingsmiðuðum stuðningsvið-
tölum og að taka þátt í samstarfshópi.

Einnig má eiga rólega stund, fá slökun eða nudd, eða
spjalla við starfsfólk og aðra á deildinni.

Til minnis

Sjúklingar þurfa að koma með lyf fyrir daginn, inniskó
og þau hjálpartæki sem þeir þurfa að nota.

Handtöskur og lyf er hægt að geyma yfir daginn í
læstum skáp en ekki er æskilegt að koma með mikil
verðmæti með sér á deildina.

Mikilvægt er að láta vita um forföll

Sími 543-6608/543-6602

Umsóknir

Hjúkrunarfræðingur, læknir, sjúklingur eða
aðstandendur geta sent inn umsókn um dvöl á
dagdeild. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á
heimasíðu LSH:
Eyðublöð - lyflækningasvið II - dagdeild líknareiningar.

Umsóknin sendist í pósti til:
Dagdeild líknardeildar LSH
Kópavogsbraut 5-7, hús 9
200 Kópavogi

Einnig má senda umsóknina í faxnúmer: 543-6601.
Ekki er hægt að senda umsóknir með tölvupósti.

Allar frekari upplýsingar veitir hjúkrunarfræðingur
dagdeildar í síma: 543-6608.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða
öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstand-
endur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin
þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á
deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki
það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum
greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og
taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu
leiðbeinenda sinna.